



# Námsáætlun

MENN2so05 vorönn 2021

Kennari: Stefán Jónsson ([stefanj@fg.is](mailto:stefanj@fg.is))

## Áfangalýsing:

Nemendur vinna nokkur hópverkefni þar sem þeir kanna afmörkuð tímabil í mannkynssögunni erlendis og á Íslandi, hvernig ólíkar listgreinar tengjast í gegnum stíl og tíðaranda og hvernig aðstæður í samfélaginu, stjórnmál og félagslegt og fræðilegt umhverfi hefur áhrif á alla listsþópun. Lögð verður áhersla á vinnu með texta. Nemendur tileinka sér og nýta almennan orða- og hugtakaforða sem notaður er við umfjöllun um menningu og listir. Grunnhugtök verða útskýrð og sett í samhengi. Teknir verða fyrir textar þar sem fjallað er um menningartengd atriði og þeir krufnir með tilliti til orðaforða og orðalags, hugmynda og hugtaka. Nemendur kanna hvernig sjón og sjónskynjun og heyrn og heyrnarskynjun s.s eðli ljóss og lita og eðli hljóðs og tóna hafa áhrif á mismunandi upplifun. Nemendur læra mismunandi aðferðir við að kynna verkefni á skapandi hátt m.a. myndbandstækni þar sem klipptar eru inn myndir og tónlist. Samraeður og hópavínna skipa stóran sess í áfanganum og nemendur fá þjálfun í að skrifa texta um eigin verk og annarra þar sem orðaforðinn er nýttur. Nemendur fara á listviðburði bæði með kennara og á eigin vegum og skila skriflegri umfjöllun um þá viðburði.

## Markmið:

### Pekking

Nemandinn skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- eðli ljóss og lita og heyrnar og tóna og hvernig þessir þættir móta skynjun okkar og upplifun á listviðburðum
- samhengi listar, samfélagsgerðar og tíðaranda á völdum tímabilum í mannkynssögunni
- orðræðu sem notuð er þegar fjallað er um menningu og listir
- hvernig á að skipuleggja vinnu í frjálsu hópastarfí
- hvernig á að skrifa faglega umfjöllun um listviðburði

### Leikni

Nemandinn skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna rannsóknarvinnu og koma henni frá sér á fjölbreyttan hátt t.d. með fyrirlestrum, hugkortum, rituðum texta, myndböndum eða öðrum skapandi aðferðum
- skrifa texta þar sem beitt er orðfæri menningarumræðu
- beita rökstuddri gagnrýni við umfjöllun um ólíka listviðburði
- lesa, skilja og greina texta annarra um menningu og listir



- skrifa texta þar sem fjallað er um menningu á vitsmunalegan og gagnrýnnin hátt og þar sem rými er gefið fyrir tilfinningar og innsæi

## Hæfni

Nemandinn skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- lesa og skilja texta þar sem menning er til umfjöllunar
- skrifa texta um ólíka þætti menningar
- hafa áhrif á og taka þátt í umræðu um menningu
- fjalla um og þróa eigin sköpun
- njóta og skilja listir og menningu

## Kennslugögn:

Bækur, netið o.fl.

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 24.-26. feb.	Kynning á áfanganum Hugtakabanki Menning	Verkefni 1: Hugtakabanki Verkefni 2: Hvað er menning?	
02. 1.-5. mars	Skynjun	Verkefni 3: Skynjun	
03. 08-12. mars	Skynjun	Verkefni 3: Skynjun	Úrsagnareindagi 9. mars.
04. 15.-19 mars	Miðaldir til loka 19. aldar	Verkefni 4: Prezi sýning um menningu, listir og samfélag frá miðöldum til loka 19. aldar.	Námsmatsdagur 19. mars
05. 22.-26. mars	Miðaldir til loka 19. aldar	Verkefni 4: Prezi sýning um menningu, listir og samfélag frá miðöldum til loka 19. aldar. Kynning á Prezi sýningum.	Miðannarmat 25.-26. mars
29. mars-6. apríl			Páskafrí
06. 07.-09. apríl	Gagnrýnin hugsun.	Verkefni 5: Rökvillur	Miðannarmat 7.-9. mars
07. 12.-16. apríl	Einstakir listamenn	Verkefni 6: Myndbandsgerð. Stutt frétt um valinn listamann.	
08. 19.-23. apríl	Einstakir listamenn	Verkefni 6: Myndbandsgerð. Stutt frétt um valinn listamann. Kynning á myndböndum.	Sumardagurinn fyrsti 22. apríl



09. 26.-30. apríl	Hvað er list? Listgagnrýni	Verkefni 7: Gagnrýni á listviðburði	
10. 03-07. maí	20. öldin	Verkefni 8: Lokaverkefni um 20. Öldina.	
11. 10.-14. maí	20. öldin	Verkefni 8: Lokaverkefni um 20. Öldina.	Uppstigningardagur 13. maí
12. 17.-18. maí	20. öldin	Kynning á lokaverkefni	

ATH! Kennrar áskilja sér rétt til að breyta áætluninni ef þurfa þykir.

**ATH: Listgreinar í FG eru með Facebook-síðu þar sem ýmislegt spennandi verður sett inn, s.s. upplýsingar um viðburði á vegum listnema og ljósmyndir af nemendaverkum. Endilega setjið “like” á síðuna [https://www.facebook.com/Listnamfq](https://www.facebook.com>Listnamfq) og bjóðið vinum og vandamönnum að gera slíkt hið sama!**

### Námsmat:

Verkefni 1	10%
Verkefni 2	5%
Verkefni 3	15%
Verkefni 4	15%
Verkefni 5	5%
Verkefni 6	15%
Verkefni 7	15%
Verkefni 8	15%
Astundun og virkni	5%

Til að nemandi standist áfangann þarf hann að fá 5,0 í lokaeinkunn.

Áfanginn er símatsáfangi. Metið verður meðal annars með tilliti til sjálfstæðis, tækni, hugmyndaauðgi, samvinnu, vinnusemi og vinnubragða. Nemendur fá fyrirmæli um verkefni inn á Námsnetinu. Nauðsynlegt er að nemendur séu virkir að skoða INNU!